

EFTIRLITSSKÝRSLA

Hringrás Reyðarfirði Reyðarfirði



Dags eftirlits	11.7.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Hringrás Reyðarfirði	Eftirlitsmaður	Helga Hreinsdóttir
Heimili	Hjallaleiru 12	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	5106131390	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Skúli Már	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	724227,412 511820,289

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrátt fyrir að starfsemi spilliefnamóttökunnar hafi verið lokað í desember 2016 var við skoðun ljóst að tekið hafði verið við spilliefnum sem berast með málmum, bifreiðum og vélum, sem skilað er til málm móttöku vegna endurvinnslu. Í geymsluskemmu fyrirtækisins voru spilliefni, aðallega olíuefni og rafgeymar.

Í kjölfar eftirlitsferðarinnar hefur fyrirtækið kynnt stefnu fyrirtækisins um að hætta móttöku spilliefna í aðstöðunni á Reyðarfirði en taka áfram á mótí brotamálmum og bíflökum.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands skv. samningi þar um.

Með. bréfi dags. 21. desember 2016 stöðvaði Umhverfisstofnun starfsemi fyrirtækisins, þ.e. starfsemi sem fram fór skv. starfsleyfi frá Umhverfisstofnun til móttöku spilliefna. Í bréfinu segir m.a.:

Við skoðun var ekki búið að aflétta ofangreindri stöðvun starfseminnar né heldur tilkynna formlega um lokun starfseminnar. Eftirlit fór því fram í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti nr. 7/1998 m.s.br. og á grunni gildandi starfsleyfis.

Í eftirlitsferðinni var skoðað í skemmu fyrirtækisins þar sem spilliefni eru geymd og einnig var skoðað í lokaðan safntank fyrir fráveitu frá spilliefnamóttöku og rætt um sýnatökur af fráveituvatni.

Eftirfarandi kom fram í eftirlitsferðinni:

- Starfmaður er í starfsstöðinni og er auglýstur opnunartími á mánudögum til föstudags 8:00-16:00.
- Skráningar og gögn um móttöku og brottflutning spilliefna frá starfsstöðinni eru ekki aðgengileg í eftirliti.
- Á heimasíðu fyrirtækisins hringras.is segir um starfsstöðina í Fjarðabyggð: “Þar er tekið á mótí brotajárni, bíflökum, hjólbörðum, raftækjum, spilliefnum og góðmálmum sem eru metnir til verðs og greitt fyrir. Einnig er nú tekið á mótí bílum til úreldingar og fá þeir sem skila inn bílflaki skilagjaldið greitt samkvæmt gjaldskrá.”
- Í eftirlitsferðinni kom fram að aðeins sé tekið við spilliefnum sem berast fyrirtækinu með bifreiðum og tækjum sem skilað er til málmamóttöku skv. starfsleyfi frá Heilbrigðisnefnd Austurlands. Af bifreiðum og vélum er tappað olíu/bensíni í skemmumni auk þess sem rafgeymar eru fjarlægðir.
- Í skemmumni voru nokkrar tegundir spilliefna, olía, rafgeymar, rafhlöður en einnig málmar (kopar og ál) og rafmagnstæki.
- Allmikill vökvi var í lokaðri þró fyrir fráveitu v/ spilliefna, dökkur litur á yfirborði. Ath. að regn- og leysingavatn á enn nokkuð greiða leið inn í þróna
- Sýni hafa ekki verið tekin úr spilliefnaþrónni né heldur úr tveim sýnatökubrunnum aftan við olúskiljur á árinu 2018. Nýjustu sýnin eru frá febrúar 2017. Þá var sýni tekið úr lokuðu safnþrónni og eitt sýni tekið úr tengibrunni fráveitu frá olúskiljum en ekki tvö sýni úr þar til gerðum sýnatökubrunnum eins og vera ber.

Frávík frá

Lokun skv. bréfi Umhverfisstofnunar í október 2016

Lýsing á frávíki

Þrátt fyrir að starfsemi fyrirtækisins hafi verið stöðvuð með bréfi frá Umhverfisstofnun er tekið við spilliefnum sem berast

með málum og vélum. Í skemmu fyrirtækisins eru geymd spilliefni.

Gr. 3.1. í starfsleyfi

Engar skráningar voru fyrirbyggjandi í starfstöðinni og ekki er vitað til þess að skýrsla þar um hafi verið send til Umhverfisstofnunar fyrir 1.3.2017 eða 1.3.2018

ATHUGASEMDIR

Engar ábendingar komu fram í eftirlitinu.

ANNAÐ

Í gildi eru tvö starfsleyfi fyrir Hringrás hf. á Hjallaleiru 12. Annars vegar starfsleyfi fyrir spilliefnamóttöku frá Umhverfisstofnun og hins vegar starfsleyfi fyrir móttöku málma og dekkja til endurvinnslu frá Heilbrigðisnefnd Austurlands. Fyrra leyfið hefur gildistíma til 2020, en það seinna til desember 2019.

Hafi fyrirtækið áform um að hætta rekstri spilliefnamóttöku þarf það að senda Umhverfisstofnun formlegt erindi þar um og óska eftir niðurfellingu starfsleyfis stofnunarinnar.

05.09.2018

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Guðbjörg Stella Árnadóttir